## Fundur fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar

10. mars 2023

Mætt eru: Thomas Helmig, Sigríður Vigfúsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, Sigríður María Róbertsdóttir, Preben Jón Pétursson og starfsmenn SSNE þær Díana Jóhannsdóttir og Elva Gunnlaugsdóttir.

Fundur settur kl. 13:00 á Teams.

Dagskrá:

1. Stutt upprifjun á ábyrgð og skyldum fagráða
   Farið yfir ábyrgð og skyldur fagráða samkvæmt samþykktum SSNE, en fyrirhugaðar eru breytingar á samþykktum sem hefur áhrif á störf fagráða.

2. Upprifjun af fyrri fundi
   Ekki hefur verið fundað í fagráðinu áður.

3. Starfsáætlun nefndarinnar og tímalína funda.
   Fundir séu almennt rafrænir og þrír fundir séu á ári, en formaður getur boðað til ólaunað aukafundar.

4. Kynning á Sóknaráætlun
   - ✓ Sóknaráætlun
     Farið yfir markmið og dæmi um aðgerðir úr Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2020-2024.
     Rætt sérstaklega um að Samgöngustefna fái umfjöllun innan fagráðsins.
   - ✓ Uppbyggingarsjóður
     Fagráð marki sér stefnu til að hafa áhrif á Uppbyggingarsjóð.
   - ✓ Áhersluverkefni
     Farið yfir áhersluverkefni ársins 2023 og rætt um að fá hugsanlega kynningar á verkefnunum.
     Bjóða fagráðunum á fundinn í næstu viku þar sem verður farið yfir áhersluverkefni síðasta árs.

5. Umræða um starfsáætlun SSNE
   Fagráð myndi sér skoðun varðandi byggðaþróunarþátt í tengslum við húsnæðismál en Úthlutunarnefnd hafnaði slíkum verkefnum. Starfsmenn SSNE skoði hvort einhver vinna sé í gangi í tengslum við húsnæðisvandamál.

6. Önnur mál
   Skoða aukafund til að virkjar fagráð frekar enda hefur ekki verið fundað áður. Starfsmenn SSNE athuga með fjármagn til aukafunda.

   Hugarflug um allskonar verkefni og útfærslur:

Umræða um nýsköpun og frumkvöðla, dæmi að fá 10 fyrirtæki saman og fá þau til að leggja fram fjármagn og leiða saman frumkvöðla og fyrirtæki í starfssemi. Minnkar áhættuna að frumkvöðlar örmagnist og gefist upp.

Sjálfbærni í ferðaþjónustu, væri hægt að draga ferðaþjóna á kaldari svæðum saman í samvinnu og í að setja saman ferðapakka. Hugsanleg tenging við C1 samstarfsverkefni Austurbrúar, Markaðsstofu Norðurlands og SSNE.

Athuga hvort kynningar um áhersluverkefni sé tekin upp.

Fyrirhugað að boða næsta fund fyrstu eða aðra vikuna í júní.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl 14:30.